

GJALDSKRÁ

fyrir gjöld á bílastæðum í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum.

Gjöld á gjaldskyldum bílastæðum eru eftirfarandi:

- 630 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 1, hámarkstími 3 klukkustundir.
- 230 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 2.
- 230 krónur á klukkustund fyrstu tvær klukkustundirnar, en 70 krónur á klukkustund eftir það, á gjaldsvæði 3.
- 230 krónur á klukkustund á gjaldsvæði 4.

2. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, var samþykkt á fundi borgarstjórnar 5. nóvember 2024 og tekur gildi 1. janúar 2025. Á sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 764/2023.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 9. desember 2024.

Einar Þorsteinsson.

B-deild – Útgáfudagur: 20. desember 2024